

Nd.

270. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyt. á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum, en eigi orðið sammála. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en ég flyt á þingskjali 269 breytingartillögu þess efnis, að laun æskulýðsfulltrúa, sem biskupi er samkv. frumvarpinu heimilað að ráða, verði greidd úr prestakallasjóði, en ekki úr ríkissjóði, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Á því er hin brýnasta þörf, að þjóðfélagið láti sér annara en fram til þessa um menningarlega aðbúð æskulýðsins og tryggi svo sem unnt er, að hamlað sé gegn óhjákvæmilegum spillingaráhrifum í okkar borgaralega þjóðfélagi. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt, að fé, sem þjóðin vill verja í þessu skyni, sé sérstaklega beint til þjóðkirkjunnar, svo sem gert væri með samþykkt þessa frumvarps, heldur eigi sú starfsemi að vera í höndum almennra félagssamtaka og bæjar- og sveitarfélaga, þannig að tryggt sé, að starfsemin sé almenn og almenningur geti á hverjum stað og tíma haft áhrif á það, hverjir fara með stjórn þessara mála, og veitt með því það aðhald, sem þörf er á, þegar ráðstafað er almannafé.

Óski þjóðkirkjan að láta æskulýðsstarfsemi meir til sín taka en verið hefur til þessa, tel ég, að hún hafi til þess eigið fé, sem nota bæri í þessu skyni, en skv. lögum um prestakallasjóð er m. a. ætlazt til þess, að fé úr honum sé varið til menningarstarfsemi. Hef ég því leyft mér að flytja breytingartillögu við frumvarpið í þá átt, en í prestakallasjóði munu nú vera um 2 millj. kr. Með vaxtatekjum sjóðsins ætti að vera séð fyrir launum æskulýðsfulltrúa þess, sem þjóðkirkjan óskar eftir, án þess að ríkissjóði aukist greiðsluskylda vegna nýs embættis, á sama tíma sem hert er sultarólin að allri alþýðu manna.

Alþingi, 31. marz 1960.

Geir Gunnarsson.